

Nd.

361. Nefndarálit.

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni er það ljóst, að ekki verður hjá því komizt að færa niður útgjöld ríkissjóðs á öllum sviðum og vill því reyna að færa niður styrk þann, sem ríkissjóður hefir að undanfögnu innt af hendi til að halda uppi mann-, vöru- og póstflutningum á fjörðum og flóum.

Þvi er þó ekki að leyna, að á þessu sviði er það næsta erfitt að draga úr útgjöldum ríkissjóðsins, einkum vegna þess, að að undanfögnu hefir verið gætt svo mikils sparnaðar á þessu sviði að því er framlag ríkissjóðs snertir, að þau

héruð, sem ekki hafa vegi eða strandferðir annara skipa til að annast fólks- og vöruflutninga, eru svo skuldug orðin vegna sífellds rekstrarhalla á þessum flóaferðum, að full hætta er á, að viðkomandi héruð geti ekki staðið undir kostnaði við ferðirnar, ef styrkurinn er færður niður til mikilla muna. Á þetta einkum við um Djúpbátinn, Flateyjarbátinn og Skaftfelling.

Þessu til stuðnings skal bent á, að á árinu 1931 hefir rekstrarhalli þessara báta orðið sem hér segir:

Djúpbátsins	kr. 18713,04
Flateyjarbátsins	— 5385,09
Skaftfellings	— 1615,43

Skuldir Djúpbátsins *umfram eignir* eru taldar kr. 62303,22, en sé hlutaféð afskrifað, eins og sjálfsagt virðist, þar sem það sýnilega er tapað, þá vantar um 24500 krónur til að félagið eigi fyrir skuldum.

Nefndin er sammála um það, að þær bátaferðir, sem hér um ræðir, séu svo nauðsynlegar íbúum viðkomandi héraða, að þeir geti alls ekki án þeirra verið. Í sumum tilfellum er þar að auki svo ástatt, að póstsjóður yrði að greiða stórar upphæðir til þess að halda uppi póstferðum, ef þessar ferðir legðust niður, svo sem í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nefndin hefir viljað verða við beiðni Grímseyinga um að veita þeim sérstakan styrk til að halda uppi nokkrum ferðum milli eyjar og lands, en jafnframt sé Eyjafjarðarbát ekki skylt að hafa áætlunarferðir fleiri en fimm til eyjarinnar.

Nefndin leggur til, að upphæðin í fjárlegafrumvarpinu fyrir 1933 13. gr. B. 2. verði hækkuð um 4600 kr. og verði kr. 76600,00. Nefndin ályktar, að styrkunum sé skipt þannig:

1. Borgarnesbátur, enda fari hann minnst 4 ferðir til Breiðafjarðar	20000 kr.
2. Djúpbáturinn	19000 —
3. Hornafjarðarbátur	7000 —
4. Til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu	400 —
5. Til millilandaskips með viðkomum við Rangársand, Vik, Skaftár- ós og Hvalsíki	4000 kr.
6. Rangársandsbátur	800 —
7. Hvalfjarðarbátur	1000 —
8. Rauðasandsbátur	400 —
9. Mýrabátur	400 —
10. Langeyjarnesbátur	200 —
11. Lagarfljótsbátur	800 —
12. Eyjafjarðarbátur, enda fari hann fimm áætlunarferðir til Grims- eyjar	11000 —
13. Grímseyjarbátur	600 —
14. Stykkishólmsbátur	2000 —
15. Flateyjarbátur (H. f. Norðri)	8000 —
Sami upp í kostnað við kaup á mótórvél	1000 —

Alls 76600 kr.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er veitt úr rikissjóði í þessu skyni
91 þús. krónur, og er lækkunin, ef fylgt verður tillögum nefndarinnar, 14400 kr

Alþingi, 8. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson,	Jón Auðunn Jónsson,	Bergur Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	